

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 669/2008**2010/EES/54/06**

frá 15. júlí 2008

um að ljúka við I. viðauka C við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 um tilflutning úrgangs (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 frá 14. júní 2006 um tilflutning úrgangs⁽¹⁾, einkum a-lið 1. mgr. 58. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Ljúka skal við I. viðauka C um sértækar leiðbeiningar um útfyllingu tilkynningar- og flutningsskjala eigi síðar en á gildistökudegi reglugerðar (EB) nr. 1013/2006 með hliðsjón af leiðbeiningum Efnahags- og framfarastofnunarinnar.

- 2) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 18. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/12/EB frá 5. apríl 2006 um úrgang⁽²⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ljúka skal við I. viðauka C í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. júlí 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros DIMAS

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 188, 16.7.2008, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/2009 frá 24. apríl 2009 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 33, 25.6.2009, bls. 23.

(¹) Stjtið. ESB L 190, 12.7.2006, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1379/2007 (Stjtið. ESB L 309, 27.11.2007, bls. 7).

(²) Stjtið. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 9.

VIÐAUKI

„I. VIÐAUKI C

SÉRTÆKAR LEIÐBEININGAR UM ÚTFYLLINGU TILKYNNINGAR- OG FLUTNINGSSKJALA

I. Inngangur

1. Þessar leiðbeiningar innihalda nauðsynlegar skýringar er varða útfyllingu tilkynningar- og flutningsskjala. Bæði skjölin samrýmast Basel-samningnum ⁽¹⁾, ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar ⁽²⁾ (sem nær einungis yfir tilflutning á úrgangi sem ætlaður er til endurnýtingar innan OECD-svæðisins) og þessari reglugerð, þar eð tillit er tekið til sértæku krafanna sem settar eru fram í þessum þremur gervingum. Þar eð skjölin voru höfð nægilega víðtæk til að ná yfir alla þrjá gervingana eiga ekki allir reitir í skjalinu við um alla gervingana og því kann ekki að reynast nauðsynlegt í öllum tilvikum að fylla út alla reiti. Sértækar kröfur, sem varða einungis eitt eftirlitskerfi, eru tilgreindar með neðanmálgreinum. Einnig er mögulegt að í framkvæmdarlöggjöf í hverju landi fyrir sig séu notuð önnur hugtök en þau hugtök sem voru samþykkt í Basel-samningnum og ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Til dæmis er hugtakið „tilflutningur“ notað í þessari reglugerð í stað „flutningur“ og því endurspeglar fyrirsagnir tilkynningar- og flutningsskjálanna þennan breytileika á þann hátt að notað er hugtakið „flutningur/tilflutningur“.
2. Í skjölunum kemur bæði fyrir hugtakið „förgun“ og hugtakið „endurnýting“ þar eð hugtökin eru skilgreind á mismunandi hátt í gervingunum þremur. Í reglugerð Evrópubandalagsins og ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar vísar hugtakið „förgun“ til förgunaraðgerða sem eru tilgreindar í IV. viðauka A við Basel-samninginn og 5. viðbæti A við ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar og „endurnýting“ vísar til endurnýtingaraðgerða sem eru tilgreindar í IV. viðauka B við Basel-samninginn og 5. viðbæti B við ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Í Basel-samningnum sjálfum vísar hugtakið „förgun“ hins vegar bæði til förgunar- og endurnýtingaraðgerða.
3. Lögbær sendingaryfirvöld bera ábyrgð á að útvega og gefa út tilkynningar- og flutningsskjölin (bæði á pappír og í rafrænu formi). Þá skulu þau nota númerakerfi sem gerir það kleift að rekja einstakar sendingar úrgangs. Á undan númerakerfinu skal nota landskóða sendingarlands sem forskeyti en hann er að finna í skrá yfir skammstafanir í ISO-staðli 3166. Innan Evrópusambandsins skal koma bil á eftir tveggja tölustafa landskóðanum. Á eftir þessu má setja valkvæðan kóða, sem er allt að fjórir tölustafir og lögbært sendingaryfirvald tilgreinir, og þar á eftir komi bil. Númerakerfið skal enda á sex stafa tölu. Ef landskóðinn er XY og sex stafa talan er 123456 yrði tilkynningarnúmerið XY 123456 ef enginn valkvæður kóði er tilgreindur. Ef valkvæður kóði, t.d. 12, er tilgreindur yrði tilkynningarnúmerið XY 12 123456. Ef um er að ræða tilkynningar- eða flutningsskjal, sem er sent með rafrænum hætti og enginn valkvæður kóði er tilgreindur, skal þó setja inn „0000“ í stað valkvæða kóðans (t.d. XY 0000 123456); ef tilgreindur er valkvæður kóði, sem er styttri en fjórir tölustafir, t.d. 12, yrði tilkynningarnúmerið XY 0012 123456.
4. Einhver lönd kunna að óska eftir því að gefa skjölin út á formi pappírs í stærð sem samrýmist landsstöðlum þeirra (yfirleitt ISO A4, eins og Sameinuðu þjóðirnar ráðleggja). Til þess að auðvelda notkun þeirra á alþjóðavettvangi og taka tillit til mismunar á ISO A4 og blaðstærðar, sem eru notuð í Norður-Ameríku, skal þó rammastærð eyðublaðanna ekki vera meiri en 183 × 262 mm með spássíu að ofan og vinstra megin á blaðinu. Tilkynningarskjalið (1.-21. reitur, þ.m.t. neðanmálgreinar) skal vera ein síða og skrá yfir skammstafanir og kóða, sem notuð eru í tilkynningarskjalinu, skulu skal vera á annarri síðu. Að því er varðar flutningsskjalið skal 1.–19. reitur, þ.m.t. neðanmálgreinar, vera á einni síðu og 20.–22. reitur og skrá yfir skammstafanir og kóða, sem notuð eru í flutningsskjalinu, skal vera á annarri síðu.

II. Markmiðið með tilkynningar- og flutningsskjölum

5. Tilkynningarskjalinu er ætlað að veita viðkomandi lögbærum yfirvöldum þær upplýsingar sem þau þarfnast til að meta ásættanleika fyrirhugaðs tilflutnings á úrgangi. Með skjalinu fá þau einnig svigrúm til að senda staðfestingum um móttöku tilkynningar og, þegar þess er krafist, til að veita skriflegt samþykki fyrir fyrirhuguðum tilflutningi.

(1) Basel-samningurinn um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra., 22. mars 1989. Sjá www.basel.int

(2) Ákvörðun ráðs Efnahags- og framfarastofnunarinnar C(2001)/107/lokagerð um endurskoðun ákvörðunar C(92)39/lokagerð um eftirlit með flutningi úrgangs sem ætlaður er til endurnýtingar; fyrri ákvörðunin er samsteypa texta sem ráðið samþykkti 14. júní 2001 og 28. febrúar 2002 (með breytingum). Sjá http://www.oecd.org/departement/0,2688,en_2649_34397_1_1_1_1_1,00.html

6. Flutningsskjalið skal fylgja sendingum úrgangs allan tímann, frá því að sendingin fer frá framleiðanda úrgangsins og þar til hún kemur í förgunar- eða endurnýtingarstöð í öðru landi. Sérhver aðili, sem tekur ábyrgð á tilflutningi (flytjendur og e.t.v. viðtakandi⁽¹⁾), skal undirrita flutningsskjalið, annaðhvort við afhendingu eða viðtöku úrgangsins sem um ræðir. Í flutningsskjalinu eru einnig eyður til að skrá för sendingarinnar um tollskrifstofur í öllum viðkomandi löndum (þessa er krafist samkvæmt þessari reglugerð). Að lokum skal nota skjalið á viðkomandi förgunar- eða endurnýtingarstöð til að staðfesta að tekið hafi verið við úrgangnum og að endurnýtingar- eða förgunaraðgerð sé lokið.

III. Almennar kröfur

7. Fyrirhugaður tilflutningur, sem fellur undir málsmeðferð um skriflega fyrirframtilkynningu og skriflegt fyrirframsamþykki, má aðeins fara fram eftir að tilkynningar- og flutningsskjölin hafa verið útfyllt samkvæmt þessari reglugerð, að teknu tilliti til a- og b-liðar 16. gr., og á meðan þegjandi eða skriflegt samþykki allra viðkomandi yfirvalda er í gildi.
8. Þeir sem fylla út prentuð eintök af skjölunum skulu prenta á þau eða skrifa með hástöfum með óafmáanlegu bleki. Undirskriftir skal ávallt rita með óafmáanlegu bleki og nafn viðurkennds fulltrúa, ritað með hástöfum, skal fylgja undirskriftinni. Ef smávægileg mistök eru gerð, t.d. ef notaður er rangur kóði fyrir úrgang, er unnt að leiðrétta með samþykki lögbæru yfirvaldanna. Nýi textinn skal merktur og undirritun sett við hann eða stimplun og tilgreina skal dagsetningu breytingarinnar. Ef um er að ræða meiri háttar breytingar eða leiðréttingar skal fylla út nýtt eyðublað.
9. Eyðublöðin eru einnig hönnuð þannig að auðvelt er að fylla þau út á rafrænan hátt. Ef slíkt er gert skal grípa til viðeigandi öryggisráðstafana gagnvart hvers kyns misnotkun á eyðublöðunum. Allar breytingar, sem gerðar eru á útfylltu eyðublaði með samþykki lögbærra yfirvalda, skulu vera sýnilegar. Þegar notuð eru rafræn eyðublöð, sem send eru með tölvupósti, er stafræn undirskrift nauðsynleg.
10. Til að auðvelda þýðingu er nauðsynlegt að nota kóða, fremur en texta, til að fylla út nokkra reiti. Ef texta er krafist verður hann þó að vera á tungumáli sem lögbær yfirvöld viðtökulandsins og, þegar þess er krafist, önnur viðkomandi yfirvöld eru sátta við.
11. Nota skal sex stafa tölu til að tilgreina dagsetninguna. Til dæmis skal sýna 29. janúar 2006 sem 29.01.06 (dagur, mánuður, ár).
12. Ef nauðsynlegt reynist að bæta viðaukum við skjölin til að veita viðbótarupplýsingar skal tilvísunarnúmer viðkomandi skjals og reiturinn, sem viðaukinn vísar til, koma fram í hverjum viðauka.

IV. Sértekur leiðbeiningar um útfyllingu tilkynningarskjalsins

13. Tilkynnandinn⁽²⁾ skal fylla út 1.–18. reit (að undanskildu tilkynningarnúmerinu í 3. reit) þegar tilkynning er lögð fram. Í sumum þriðju löndum, sem eru ekki aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar, er lögbæru sendingaryfirvaldi heimilt að fylla þessa reiti út. Ef tilkynnandinn er ekki sá sami og upphaflegur framleiðandi skal þessi framleiðandi, eða einn þeirra aðila, sem eru tilgreindir í ii. eða iii. lið a-liðar í 15. lið 2. gr., þar sem því verður við komið, einnig setja undirritun sína í 17. reit eins og tilgreint er í annarri undirgrein 1. liðar í 4. gr. og 26. lið í 1. hluta II. viðauka.
14. **1. reitur** (sjá 2. og 4. lið í 1. hluta II. viðauka) **og 2. reitur** (6. liður í 1. hluta II. viðauka): Veita skal þær upplýsingar sem krafist er (tilgreina skráningarnúmer aðeins ef við á, heimilisfang, þ.m.t. heiti lands, og síma- og bréfsímanúmer, þ.m.t. landskóði; tengiliður skal bera ábyrgð á tilflutningnum, þ.m.t. ef atvik eiga sér stað meðan á tilflutningi stendur). Í sumum þriðju löndum má í stað þessara upplýsinga veita upplýsingar um lögbært sendingaryfirvald. Tilkynnandi getur verið söluaðili eða miðlari í samræmi við 15. lið 2. gr. þessarar reglugerðar. Í því tilvikum skal leggja fram afrit af samningnum eða staðfestingu á samningnum (eða yfirlýsingu þess efnis að slíkur samningur sé fyrir hendi) milli framleiðanda, nýs framleiðanda eða söfnunaraðila og miðlara eða söluaðila í viðauka (sjá 23. lið 1. hluta II. viðauka). Síma- og bréfsímanúmer og tölvupóstfang ættu að greiða fyrir samskiptum milli allra hlutaðeigandi aðila hvenær sem er, að því er varðar atvik meðan á tilflutningi stendur.

⁽¹⁾ Útan Evrópubandalagsins má nota hugtakið „innflytjandi“ í stað hugtaksins „viðtakandi“.

⁽²⁾ Útan Evrópubandalagsins má nota hugtakið „útflytjandi“ í stað hugtaksins „tilkynnandi“.

15. Venjulega er viðtakandinn förgunar- eða endurnýtingarstöðin sem er tilgreind í 10. reit. Í sumum tilvikum getur viðtakandinn þó verið annar aðili, t.d. söluaðili eða miðlari ⁽¹⁾ eða lögaðili, tilgreindur t.d. sem höfuðstöðvar eða pósthöfundur förgunar- eða endurnýtingarstöðvarinnar, sem er viðtakandi, í 10. reit. Til þess að söluaðili, miðlari eða lögaðili geti gegnt hlutverki viðtakanda verður viðkomandi að heyra undir lögsögu viðtökulandsins og hafa úrganginn í vörslu sinni eða hafa annars konar lögleg yfirráð yfir honum á þeirri stundu sem tilflutningurinn kemur til viðtökulandsins. Í slíkum tilvikum skal fylla út 2. reit með upplýsingum um söluaðilann, miðlarann eða lögaðilann.
16. **3. reitur** (sjá 1., 5., 11. og 19. lið í 1. hluta II. viðauka): Þegar lögbært yfirvald gefur út tilkynningarskjal skal yfirvaldið leggja fram kenninúmer, samkvæmt eigin kerfi, sem skal prentað í þennan reit (sjá 3. mgr. hér að ofan). Undir A vísar „einn tilflutningur“ til stakrar tilkynningar og „margir tilflutningar“ til sameiginlegrar tilkynningar. Undir B skal tilgreina til hvers konar vinnslu úrgangurinn, sem er fluttur til, er ætlaður. Undir C vísar fyrirframsamþykki til 14. gr. þessarar reglugerðar.
17. **4. reitur** (sjá 1. lið í 1. hluta II. viðauka), **5. reitur** (sjá 17. lið í 1. hluta II. viðauka) og **6. reitur** (sjá 12. lið í 1. hluta II. viðauka): Tilgreina skal fjölda tilflutninga í 4. reit og áætlaða dagsetningu fyrir einn tilflutning eða, ef um er að ræða marga tilflutninga, dagsetningu fyrsta og síðasta tilflutnings, í 6. reit. Í 5. reit skal tilgreina áætlaða lágmarks- og hámarksþyngd úrgangs í tonnum (1 tonn jafngildir 1 megagrammi (Mg) eða 1 000 kg). Í sumum þriðju löndum getur einnig talist viðunandi að gefa upp rúmmál í rúmmetrum (1 rúmmetri jafngildir 1 000 lítrum) eða í öðrum einingum metrakerfisins, t.d. kílóum eða lítrum. Ef aðrar einingar metrakerfisins eru notaðar má tilgreina mælieininguna og strika yfir eininguna í skjalinu. Heildarmagníð, sem flutt er til, má ekki fara yfir hámarks magníð sem tilgreint er í 5. reit. Áætlaður tími fyrir tilflutninga í 6. reit má ekki vera lengri en eitt ár, nema ef um er að ræða marga tilflutninga til fyrirframsamþykktra endurnýtingastöðva skv. 14. gr. þessarar reglugerðar (sjá 16. mgr.) en í þeim tilvikum má áætlaður tími ekki vera lengri en þrjú ár. Allur tilflutningur skal fara fram á gildistíma skriflegs eða þegjandi samþykkis allra viðkomandi lögbærra yfirvalda, sem gefið var út af hálfu lögbærra yfirvalda, í samræmi við 6. mgr. 9. gr. þessarar reglugerðar. Ef um er að ræða marga tilflutninga er sumum þriðju löndum heimilt, á grundvelli Basel-samningsins, að krefjast þess að áætlaðar dagsetningar eða áætluð tíðni og áætlað magn í hverjum tilflutningi séu tilgreind í 5. og 6. reit eða séu látin fylgja í viðauka. Ef lögbært yfirvald gefur út skriflegt samþykki fyrir tilflutningnum og gildistími þess samþykkis í 20. reit er ekki það sama og tímabilið, sem tilgreint er í 6. reit, ógildir ákvörðun lögbærs yfirvalds upplýsingarnar í 6. reit.
18. **7. reitur** (sjá 18. lið í 1. hluta II. viðauka): Tilgreina skal tegund umbúða og nota til þess kóðana í skránni yfir skammstafanir og kóða sem fylgir tilkynningarskjalinu. Ef sérstakra varúðarráðstafana að því er varðar meðhöndlun er krafist, t.d. ráðstafana sem krafist er í leiðbeiningum framleiðanda til starfsmanna varðandi meðhöndlun, upplýsingum um heilbrigði og öryggi, þ.m.t. upplýsingar um meðhöndlun ef eitthvað fer til spillis og skriflegum leiðbeiningum um flutning á hættulegum farni, skal merkja við í viðeigandi reit og láta upplýsingarnar fylgja með í viðauka.
19. **8. reitur** (sjá 7. og 13. lið í 1. hluta II. viðauka): Veita skal þær upplýsingar sem krafist er (tilgreina skráningarnúmer aðeins ef við á, heimilisfang, þ.m.t. heiti lands, og síma- og bréfsímanúmer, þ.m.t. landskóði; tengiliður skal bera ábyrgð á tilflutningnum). Ef fleiri en einn flytjandi á í hlut skal bæta heildarskrá með þeim upplýsingum sem krafist er varðandi hvern flytjanda við tilkynningarskjalið. Ef flutningamiðlari annast flutninginn skal veita upplýsingar um miðlarann og upplýsingar um raunverulega flytjendur, hvern um sig, í viðauka. Leggja skal fram sönnun um skráningu flytjanda eða flytjenda að því er varðar flutning úrgangs (t.d. yfirlýsingu þess efnis að slík skráning liggja fyrir) í viðauka (sjá 15. lið í 1. hluta II. viðauka). Tilgreina skal flutningsmáta og nota til þess skammstafanirnar í skránni yfir skammstafanir og kóða sem fylgir tilkynningarskjalinu.
20. **9. reitur** (sjá 3. og 16. lið í 1. hluta II. viðauka): Veita skal þær upplýsingar sem krafist er um framleiðanda úrgangsins ⁽²⁾. Skráningarnúmer framleiðandans skal tilgreint ef við á. Ef tilkynnandi er framleiðandi úrgangsins skal rita „sami og í 1. reit“. Ef fleiri en einn framleiðandi hafa framleitt úrganginn skal rita „sjá meðfylgjandi skrá“ og láta skrá með þeim upplýsingum sem krafist er varðandi hvern framleiðanda fylgja með. Ef ekki er vitað hver framleiðandi er skal tilgreina nafn þess aðila sem hefur slíkan úrgang í vörslu sinni eða eftirlit með honum (úrgangshafi). Einnig skal veita upplýsingar um framleiðsluferli úrgangsins og framleiðslustað.

⁽¹⁾ Í sumum þriðju löndum, sem eru aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar, er heimilt að nota hugtakið viðurkenndur miðlari í samræmi við ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar.

⁽²⁾ Útan Evrópubandalagsins má nota hugtakið „tilreiðandi“ í stað hugtaksins „framleiðandi“.

21. **10. reitur** (sjá 5. lið í 1. hluta II. viðauka): Veita skal þær upplýsingar sem krafist er (tilgreina áfangastað tilflutningsins með því að merkja annaðhvort við förgunar- eða endurnýtingarstöð, skráningarnúmer aðeins ef við á og raunverulegan förgunar- eða endurnýtingarstað ef hann er ekki sá sami og stöðin). Ef förgunaraðili eða endurnýtingaraðili er einnig viðtakandi skal rita „sami og í 2.reit“. Ef förgun eða endurnýting er aðgerð D13-D15 eða R12-R13 (í samræmi við II. viðauka A eða II. viðauka B við tilskipun 2006/12/EB um úrgang) skal tilgreina stöðina sem annast aðgerðina í 10. reit, svo og staðinn þar sem fyrirhugað er að aðgerðin fari fram. Í slíkum tilvikum skal veita samsvarandi upplýsingar í viðauka um aðra stöð eða stöðvar, þar sem síðari aðgerð R12/R13 eða aðgerð eða aðgerðir D13-D15 og D1-D12 eða R1-R11 fara fram eða kunna að fara fram. Ef endurnýtingar- eða förgunarstöðin er tilgreind í 5. flokki í I. viðauka við tilskipun 96/61/EB frá 24. september 1996 um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun skal leggja fram í viðauka staðfestingu á því að gilt leyfi (t.d. yfirlýsingu um að slíkt leyfi sé til) hafi verið gefið út í samræmi við 4. og 5. gr. þ eirrar tilskipunar, ef stöðin er í Evrópubandalaginu.
22. **11. reitur** (sjá 5., 19. og 20. lið í 1. hluta II. viðauka): Tilgreina skal tegund endurnýtingar- eða förgunaraðgerða með því að nota R- eða D-kóða í II. viðauka A eða II. viðauka B við tilskipun 2006/12/EB um úrgang (sjá einnig skrána yfir skammstafanir og kóða sem fylgir tilkynningarskjalinu) ⁽¹⁾. Ef förgunar- eða endurnýtingaraðgerðin er aðgerð D13-D15, R12 eða R13 skal veita samsvarandi upplýsingar í viðauka um síðari aðgerðir (R12/R13 eða D13-D15 ásamt D1-D12 eða R1-R11). Einnig skal tilgreina hvaða tækni á að nota. Ef úrgangurinn er ætlaður til endurnýtingar skal gefa upp í viðauka áætlaða aðferð við förgun á óendurnýtanlegum hluta eftir endurnýtingu, magn endurnýttts efnis í tengslum við óendurnýtanlegan úrgang, áætlað verðmæti endurnýttts efnis og kostnað við endurnýtingu og kostnað við förgun þess hluta sem ekki er endurnýtanlegur. Ef um er að ræða innflutning úrgangs inn í Bandalagið sem ætlaður er til förgunar skal einnig tilgreina rökstudda fyrirframbeiðni frá sendingarlandinu í samræmi við 4. mgr. 41. gr. þessarar reglugerðar undir „Ástæða fyrir útflutningi“ og láta þessa beiðni fylgja með í viðauka. Sumum þriðju löndum, sem ekki eru aðilar að Efnahags- og framfarastofnuninni, er heimilt, á grundvelli Basel-samningsins, að krefjast þess að ástæða útflutnings sé tilgreind.
23. **12. reitur** (sjá 16. lið í 1. hluta II. viðauka): Tilgreina skal reiti sem efnið er almennt þekkt undir eða viðskiptaheitið og heiti helstu efnisþátta þess (sem magn og/eða hættu) og hlutfallslegan styrk þeirra (gefinn upp sem hundradshluta) ef upplýsingar liggja fyrir. Ef um er að ræða blöndu úrgangstegunda skal veita sömu upplýsingar um mismunandi hluta og tilgreina hvaða hlutar eru ætlaðir til endurnýtingar. Hægt er að krefjast efnagreiningar á samsetningu úrgangsins í samræmi við 7. lið í 3. hluta II. viðauka við þessa reglugerð. Ef nauðsyn krefur skal láta frekari upplýsingar fylgja með í viðauka.
24. **13. reitur** (sjá 16. lið í 1. hluta II. viðauka): Tilgreina skal eðliseiginleika úrgangsins við venjulegt hitastig og þrýsting.
25. **14. reitur** (sjá 16. lið í 1. hluta II. viðauka): Tilgreina skal kóðann sem er auðkenning úrgangsins í samræmi við III. viðauka, III. viðauka A, III. viðauka B, IV. viðauka eða IV. viðauka A við þessa reglugerð. Tilgreina skal kóðann í samræmi við kerfið sem var samþykkt samkvæmt Basel-samningnum (undir i. lið í 14. reit) og, ef við á, kerfin sem voru samþykkt í ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar (undir ii. lið) og önnur viðurkennd flokkunarkerfi (undir iii. til xii. liðar). Í samræmi við aðra undirgrein 6. liðar 4. gr. þessarar reglugerðar skal einungis tilgreina einn úrgangskóða (úr III. viðauka, III. viðauka A, III. viðauka B, IV. viðauka eða IV. viðauka A við þessa reglugerð) með eftirfarandi, tveimur undantekningum: Ef um er að ræða úrgang, sem er ekki flokkaður undir eina færslu í III. viðauka, III. viðauka B, IV. viðauka eða IV. viðauka A, skal einungis tilgreina eina tegund úrgangs. Ef um er að ræða blöndur úrgangstegunda, sem eru ekki flokkaðar undir eina færslu í III. viðauka, III. viðauka B, IV. viðauka eða IV. viðauka A, nema þær séu tilgreindar í III. viðauka A, skal tilgreina kóðann fyrir hvern hluta úrgangsins eftir mikilvægi (í viðauka ef nauðsyn krefur).
- a) i. liður: Nota skal kóðana í VIII. viðauka við Basel-samninginn fyrir úrgang sem fellur undir málsmeðferð um skriflega fyrirframtilkynningu og skriflegt fyrirframsamþykki (sjá I. hluta IV. viðauka við þessa reglugerð); kóðarnir í IX. viðauka við Basel-samninginn skulu notaðir fyrir úrgang sem fellur almennt ekki undir málsmeðferð um skriflega fyrirframtilkynningu eða skriflegt fyrirframsamþykki en fellur, af sérstökum ástæðum, s.s. vegna mengunar af völdum hættulegra efna (sbr. 1. mgr. III. viðauka við þessa reglugerð) eða vegna mismunandi flokkunar í samræmi við 63. gr. þessarar reglugerðar eða lagaákvæði viðkomandi lands ⁽²⁾, undir málsmeðferð um skriflega fyrirframtilkynningu og skriflegt fyrirframsamþykki (sjá I. hluta III. viðauka við þessa reglugerð). VIII. og IX. viðauka við Basel-samninginn er að finna í V. viðauka við þessa reglugerð, í Basel-samningnum og einnig í notendahandbók sem fæst á skrifstofu Basel-samningsins. Ef úrgangur er ekki tilgreindur í VIII. eða IX. viðauka við Basel-samninginn skal færa inn „ekki tilgreint“.

⁽¹⁾ Í Evrópubandalaginu er skilgreiningin á aðgerð R1 í skrá yfir skammstafanir frábrugðin þeirri sem notuð er í Basel-samningnum og ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar; þess vegna eru báðar skilgreiningarnar gefnar. Á hugtökum, sem notuð eru í Evrópubandalaginu, og þeim sem notuð eru í Basel-samningnum og ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar er annar munur sem kemur ekki fram í skránni yfir skammstafanir.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1418/2007 frá 29. nóvember 2007 um útflutning á tilteknum tegundum úrgangs til endurnýtingar sem tilgreindar eru í III. viðauka eða III. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 1013/2006 til tiltekinna landa, sem falla ekki undir ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar um eftirlit með flutningi úrgangs yfir landamæri, Stjótið ESB L 316, 4.12.2007, bls. 6.

- b) Undirfyrirsögn ii: Lönd, sem eru aðilar að Efnahags- og framfarastofnuninni, skulu nota kóða Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir úrgang sem er tilgreindur í II. hluta III. og IV. viðauka við þessa reglugerð, þ.e. úrgang, sem er ekki tilgreindur í samsvarandi skrám í viðaukunum við Basel-samninginn, eða fellur undir annars konar eftirlit samkvæmt þessari reglugerð en gerð er krafa um í Basel-samningnum. Ef úrgangur er ekki tilgreindur í II. hluta III. og IV. viðauka við þessa reglugerð skal færa inn „ekki tilgreint“.
- c) Undirfyrirsögn iii: Aðildarríki Evrópusambandsins skulu nota kóðana sem eru tilgreindir í skrá Evrópubandalagsins yfir úrgang (sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB, eins og henni var breytt) ⁽¹⁾. Slíkir kóðar geta einnig verið tilgreindir í III. viðauka B við þessa reglugerð.
- d) Undirfyrirsögnir iv og v: Ef við á skal nota aðra auðkenniskóða viðkomandi lands en þá sem notaðir eru í skrá Evrópubandalagsins yfir úrgang í sendingarlandinu og, ef upplýsingarnar liggja fyrir, í viðtökulandinu. Slíkir kóðar geta einnig verið tilgreindir í III. viðauka A, III. viðauka B eða IV. viðauka A við þessa reglugerð.
- e) Undirfyrirsögn vi: Ef viðkomandi lögbær yfirvöld telja það gagnlegt eða gera kröfu um slíkt skal bæta hér við öðrum kóðum eða upplýsingum sem auðvelda sanngreiningu á úrganginum.
- f) Undirfyrirsögn vii: Tilgreina skal viðeigandi Y-kóða í samræmi við „Flokka eftirlitsskyldra úrgangsefna“ (sjá I. viðauka við Basel-samninginn og I. viðbæti við ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar) eða í samræmi við „Flokka úrgangs sem þarfnast sérstakrar athugunar“ í II. viðauka við Basel-samninginn (sjá I. hluta IV. viðauka við þessa reglugerð eða 2. viðbæti við notendahandbók Basel-samningsins), ef kóðinn eða kóðarnir liggja fyrir. Ekki er gerð krafa um Y-kóða samkvæmt þessari reglugerð eða ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar nema ef tilflutningur úrgangsins fellur undir annan hvorn flokkanna „Flokkar sem þarfnast sérstakrar athugunar“ samkvæmt Basel-samningnum (úrgangur samkvæmt Y46 og Y47 eða II. viðauka) en í því tilviki skal tilgreina Y-kóða Basel-samningsins. Engu að síður skal tilgreina Y-kóða fyrir úrgang sem skilgreindur er sem hættulegur í samræmi við a-lið 1. mgr. 1. gr. Basel-samningsins til að uppfylla kröfur um skýrslugjöf samkvæmt Basel-samningnum.
- g) Undirfyrirsögn viii: Ef við á skal tilgreina hér viðeigandi H-kóða, þ.e. kóða sem tilgreina hættulega eiginleika sem úrgangurinn býr yfir (sjá skrá yfir skammstafanir og kóða sem fylgir tilkynningarskjalinu). Ef ekki er um að ræða hættulega eiginleika, sem falla undir Basel-samninginn en úrgangurinn er hættulegur samkvæmt III. viðauka við tilskipun 91/689/EBE um hættulegan úrgang, skal tilgreina H-kóða í samræmi við þe nnan III. viðauka og setja inn „EB“ á eftir H-kóðanum (t.d. H14 EB).
- h) Undirfyrirsögn ix: Ef við á skal tilgreina hér flokk eða flokka Sameinuðu þjóðanna þar sem tilgreindir eru hættulegir eiginleikar úrgangs samkvæmt flokkun Sameinuðu þjóðanna (sjá skrána yfir skammstafanir og kóða sem fylgir tilkynningarskjalinu) og sem krafist er að uppfylli alþjóðlegar reglur um flutning á hættulegum farmi (sjá tilmæli SP um flutning á hættulegum farmi. Fyrirmynd að reglum (Appelsínugula bókin) (Recommendations on the Transport of Dangerous Goods. Model Regulations (Orange Book)), síðasta útgáfa) ⁽²⁾.
- i) Undirfyrirsögnir x og xi: Ef við á skal tilgreina hér viðeigandi númer og sendingarheiti Sameinuðu þjóðanna. Þau eru notuð til að auðkenna úrganginn í samræmi við flokkunarkerfi Sameinuðu þjóðanna og þess er krafist að þau samrýmist alþjóðlegum reglum um flutning á hættulegum farmi (sjá tilmæli SP um flutning á hættulegum farmi. Fyrirmynd að reglum (Appelsínugula bókin) (Recommendations on the Transport of Dangerous Goods. Model Regulations (Orange Book)), síðasta útgáfa).
- j) Undirfyrirsögn xii: Ef við á skal tilgreina hér tollkóða sem gera tollstöðvum kleift að sanngreina úrganginn (sjá skrá yfir kóða og vöruflokka í „Samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskránni“ sem Alþjóðatollastofnunin gaf út).

⁽¹⁾ Sjá http://europa.eu.int/eur-lex/en/consleg/main/2000/en_2000D0532_index.html

⁽²⁾ Sjá <http://www.unece.org/trans/danger/danger.htm>

26. **15. reitur** (sjá 8.-10. lið og 14. lið í 1. hluta II. viðauka): Í línu a í 15. reit skal tilgreina heiti sendingar-, umflutnings- og viðtökulanda ⁽¹⁾ eða kóða fyrir hvert land með því að nota skammstafanir ISO-staðals 3166 ⁽²⁾. Í línu b skal tilgreina, ef við á, kenninúmer lögbærs yfirvalds í hverju landi fyrir sig og í línu c skal skrá heiti landamærastöðvar eða hafnar og, ef við á, kenninúmer aðflutnings- og brottflutningstollstöðvar í viðkomandi landi. Að því er varðar umflutningslönd skal tilgreina upplýsingar um aðflutnings- og brottflutningsstaði í línu c. Ef fleiri en þrjú umflutningslönd eiga hlut að tilteknum tilflutningi skal láta viðeigandi upplýsingar fylgja með í viðauka. Tilgreina skal fyrirhugað leiðarval milli brottflutnings- og aðflutningsstaða, þ.m.t. aðrar leiðir sem koma til greina, einnig við ófyrirséðar aðstæður, í viðauka.
27. **16. reitur** (sjá 14. lið í 1. hluta II. viðauka): Veita skal þær upplýsingar sem krafist er ef tilflutningar koma inn í, fara í gegnum eða fara frá Evrópusambandinu.
28. **17. reitur** (sjá 21.-22. og 24.-26. lið í 1. hluta II. viðauka): Tilkynnandi skal undirrita og dagsetja öll eintök tilkynningarskjalsins (eða söluaðili eða miðlari ef hann gegnir hlutverki tilkynnanda) áður en skjalið er sent til lögbærra yfirvalda í viðkomandi löndum. Í sumum þriðju löndum má lögbært sendingaryfirvald undirrita og dagsetja skjalið. Ef tilkynnandi er ekki sá sami og upphaflegur framleiðandi skal þessi framleiðandi, ný framleiðandinn eða söfnunaraðilinn, þar sem því verður við komið, einnig undirrita og dagsetja skjalið; tekið er fram að þessu verður e.t.v. ekki við komið í tilvikum þar sem um er að ræða nokkra framleiðendur (skilgreiningar varðandi framkvæmanleika kunna að koma fram í landslöggjöf). Ef ekki er vitað hver framleiðandi er skal sá aðili, sem hefur úrganginn í vörslu sinni, eða hefur eftirlit með honum (úrgangshafi) enn fremur undirrita skjalið. Í þessari yfirlýsingu skal einnig staðfesta að tryggingar, er varða bótaábyrgð í tengslum við tjón sem þriðju aðilar verða fyrir, séu fyrir hendi. Sum þriðju lönd kunna að fara fram á að staðfesting á tryggingum eða öðrum fjárhagslegum tryggingum og samningur fylgi tilkynningarskjalinu.
29. **18. reitur**: Tilgreina skal fjölda viðauka með viðbótarupplýsingum sem fylgja tilkynningarskjalinu ⁽³⁾. Í hverjum viðauka skal koma fram tilvísun í tilkynningarnúmerið sem hann tengist og sem er tilgreint í horninu í 3. reit.
30. **19. reitur**: Samkvæmt Basel-samningnum gefur lögbært yfirvald eða lögbær yfirvöld viðtökulands eða viðtökulanda (ef við á) og umflutningslands eða umflutningslanda út slíka staðfestingu. Samkvæmt ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar skal lögbært yfirvald viðtökulandsins gefa staðfestinguna út. Sum þriðju lönd geta, í samræmi við landslöggjöf, krafist þess að lögbært sendingaryfirvald gefi einnig út staðfestingu.
31. **20. og 21. reitur**: 20. reitur er til notkunar fyrir lögbær yfirvöld í öllum löndum sem eiga í hlut þegar leggja skal fram skriflegt samþykki. Samkvæmt Basel-samningnum (þó ekki ef land hefur ákveðið að krefjast ekki skriflegs samþykkis varðandi umflutning og hefur tilkynnt öðrum hlutaðeigandi um það í samræmi við 4. mgr. 6. gr. Basel-samningsins) og í tilteknum löndum er alltaf krafist skriflegs samþykkis (í samræmi við 1. mgr. 9. gr. þessarar reglugerðar má lögbært umflutningsyfirvald veita þegjandi samþykki) en samkvæmt ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar er ekki krafist skriflegs samþykkis. Tilgreina skal heiti landsins (eða kóða þess með því að nota skammstafanir ISO-staðals 3166). Ef tilflutningurinn er bundinn sérstökum skilyrðum skal viðkomandi lögbært yfirvald merkja við í viðeigandi reit og tilgreina skilyrðin í 21. reit eða í viðauka við tilkynningarskjalið. Ef lögbært yfirvald vill hreyfa andmælum við tilflutningnum skal það gert með því að rita „ANDMÆLI“ í 20. reit. Nota má 21. reit eða sérstakt bréf til að útskýra ástæðurnar fyrir andmælunum.

V. Sértaekar leiðbeiningar um útfyllingu flutningsskjalsins

32. Við tilkynninguna skal tilkynnandi fylla út 3., 4. og 9.–14. reit. Eftir móttöku samþykkis frá lögbærum sendingaryfirvöldum, viðtökuyfirvöldum og umflutningsyfirvöldum eða, í tengslum við lögbært umflutningsyfirvald, ef hægt er að gera ráð fyrir þegjandi samþykki og áður en tilflutningurinn hefst í raun, skal tilkynnandi fylla út 2. reit, 5.–8. reit og (að undanskildum flutningsmáta, dagsetningu flutnings og undirskrift) 15. og, ef við á, 16. reit. Í sumum þriðju löndum, sem eru ekki aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar, er lögbæru sendingaryfirvaldi heimilt að fylla þessa reiti út í stað tilkynnanda. Þegar flytjandi eða fulltrúi hans hefur sendinguna í vörslu sinni skal flytjandinn eða fulltrúinn fylla út reiti fyrir flutningsmáta, dagsetningu flutnings og undirskrift, sem eru reitir 8a til 8c og, ef við á, 16. reitur. Viðtakandi skal fylla út 17. reit, ef ekki er um að ræða förgunaraðila eða endurnýtingaraðila og ef viðtakandi tekur að sér að bera ábyrgð á tilflutningi úrgangs, eftir að hann kemur til viðtökulands og, ef við á, 16. reit.

⁽¹⁾ Í Basel-samningnum er notað hugtakið „ríki“ í stað hugtaksins „land“.

⁽²⁾ Utan Evrópubandalagsins má nota hugtökin „útlutningur“ og „innflutningur“ í stað hugtakanna „sending“ og „ákvörðunarstaður“.

⁽³⁾ Sjá 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 14., 15., 20. eða 21. reit og, ef lögbær yfirvöld gera kröfu um frekari upplýsingar og gögn, sjá liði í 3. hluta II. viðauka við þessa reglugerð sem falla ekki undir neinn reit.

33. **1. reitur:** Lögbært sendingaryfirvald skal færa inn tilkynningarnúmerið (sem skal afritað úr 3. reit í tilkynningarskjalinu).
34. **2. reitur** (sjá 1. lið í 2. hluta II. viðauka): Fyrir sameiginlega tilkynningu um marga tilflutninga skal færa inn raðnúmer tilflutningsins og fyrirhugaðan heildarfjölda tilflutninga í 4. reit í tilkynningarskjalinu (t.d. skal skrá „4/11“ fyrir fjórða tilflutning af ellefu fyrirhuguðum tilflutningum undir sameiginlegu tilkynningunni sem um ræðir). Ef um er að ræða eina tilkynningu skal færa inn „1/1“.
35. **3. og 4. reitur:** Afrita skal sömu upplýsingar um tilkynnanda ⁽¹⁾ og viðtakanda og tilgreindar eru í 1. og 2. reit í tilkynningarskjalinu.
36. **5. reitur** (sjá 6. lið í 2. hluta II. viðauka): Tilgreina skal raunverulega þyngd úrgangsins í tonnnum (1 tonn jafngildir 1 megagrammi (Mg) eða 1 000 kg). Í sumum þriðju löndum getur talist viðunandi að gefa upp rúmmál í rúmmetrum (1 rúmmetri jafngildir 1 000 lítrum) eða í öðrum einingum metrakerfisins, t.d. kílóum eða lítrum. Ef aðrar einingar metrakerfisins eru notaðar má tilgreina mælieininguna og strika yfir eininguna í skjalinu. Láta skal fylgja, sé þess kostur, afrit af bílvogarmiðunum.
37. **6. reitur** (sjá 2. lið í 2. hluta II. viðauka): Setja skal inn dagsetninguna þegar tilflutningurinn hefst í raun (sjá einnig leiðbeiningar sem varða 6. reit í tilkynningarskjalinu)
38. **7. reitur** (sjá 7. og 8. lið í 2. hluta II. viðauka): Tilgreina skal gerð umbúða og nota til þess kóðana í skránni yfir skammstafanir og kóða sem fylgir flutningsskjalinu. Ef sérstakra varúðarráðstafana að því er varðar meðhöndlun er krafist, t.d. ráðstafana sem krafist er í leiðbeiningum framleiðanda til starfsmanna varðandi meðhöndlun, í upplýsingum um heilbrigði og öryggi, þ.m.t. upplýsingar um meðhöndlun ef eitthvað fer til spillis og í flutningsslysakortum (e. transport emergency card) skal merkja við í viðeigandi reit og láta upplýsingarnar fylgja með í viðauka. Einnig skal tilgreina fjölda þakkinga í sendingunni.
39. **8. reitur, a, b og c** (sjá 3. og 4. lið í 2. hluta II. viðauka): Veita skal þær upplýsingar sem krafist er (tilgreina skráningarnúmer aðeins ef við á, heimilisfang, þ.m.t. heiti lands og síma- og bréfsímanúmer, þ.m.t. landskóði). Ef fleiri en þrír flytjendur eiga hlut að máli skal láta viðeigandi upplýsingar um hvern flytjanda fylgja með flutningsskjalinu. Flytjandi, eða fulltrúi flytjanda, sem tekur við sendingunni, skal veita upplýsingar um flutningsmáta, dagsetningu flutnings og láta undirskrift fylgja. Tilkynnandi skal halda eftir afriti af undirritaða flutningsskjalinu. Við hvern flutning á sendingunni, sem bætist við, skal nýi flytjandinn eða fulltrúi hans, sem tekur við sendingunni, uppfylla sömu kröfu og einnig undirrita skjalið. Fyrri flytjandi skal halda eftir afriti af undirritaða skjalinu.
40. **9. reitur:** Afrita skal upplýsingarnar í 9. reit í tilkynningarskjalinu.
41. **10. og 11. reitur:** Afrita skal upplýsingarnar í 10. og 11. reit í tilkynningarskjalinu. Ef förgunaraðili eða endurnýtingaraðili er einnig viðtakandi skal rita í 10. reit: „Sá sami og í 4. reit“. Ef förgun eða endurnýting er aðgerð D13-D15 eða R12 eða R13 (í samræmi við II. viðauka A eða II. viðauka B við tilskipun 2006/12/EB um úrgang) nægir að veita upplýsingar um stöðina, sem annast aðgerðina, sem fram koma í 10. reit. Ekki er þörf á að nánari upplýsingar um síðari stöðvar, sem annast aðgerðir R12/R13 eða D13-D15, og síðari stöð eða stöðvar sem annast aðgerð(ir) D1-D12 eða R1-R11, komi fram í flutningsskjalinu.
42. **12., 13. og 14. reitur:** Afrita skal upplýsingarnar í 12., 13. og 14. reit í tilkynningarskjalinu.
43. **15. reitur** (sjá 9. lið í 2. hluta II. viðauka): Þegar tilflutningur á sér stað skal tilkynnandi (eða söluaðili eða miðlari ef hann gegnir hlutverki tilkynnanda) undirrita og dagsetja flutningsskjalið. Í sumum þriðju löndum má lögbært sendingaryfirvald eða tilreiðandi úrgangsins, í samræmi við Basel-samninginn, undirrita og dagsetja flutningsskjalið. Í samræmi við c-lið 16. gr. þessarar reglugerðar skal láta fylgja með flutningsskjalinu afrit af tilkynningarskjalinu með skriflegu samþykki lögbærs yfirvalds sem á í hlut, þ.m.t. hvers kyns skilyrði. Sum þriðju lönd geta krafist þess að frumritin fylgi með.

⁽¹⁾ Í sumum þriðju löndum má þess í stað veita upplýsingar um lögbært sendingaryfirvald.

44. **16. reitur** (sjá 5. lið í 2. hluta II. viðauka): Allir aðilar, sem koma að tilflutningi, geta notað þennan reit (tilkynnandi eða lögbært sendingaryfirvald, eftir því sem við á, viðtakandi, öll lögbær yfirvöld, flytjandi) í sérstökum tilvikum þegar gerð er krafa um nákvæmari upplýsingar í landslöggjöf í tengslum við tiltekið atriði (t.d. upplýsingar um höfnina þar sem skipt er yfir í annars konar sendingarmáta, fjölda gáma og kenninúmer þeirra eða frekari sönnun eða stimplar sem sýna að lögbær yfirvöld hafi samþykkt tilflutninginn). Tilgreina skal áætlunarleið (brotflutningsstað og aðflutningsstað í hverju viðkomandi landi, þ.m.t. aðflutnings- og/eða brotflutningstollstöðvar og/eða útflutningstollstöðvar í Bandalaginu) og fyrirhugaða leið (milli brotflutnings- og aðflutningsstaða), þ.m.t. aðrir valkostir, einnig við ófyrirséðar aðstæður, annaðhvort í 16. reit eða meðfylgjandi í viðauka.
45. **17. reitur**: Viðtakandi skal fylla þennan reit út ef hann er ekki förgunaraðili eða endurnýtingaraðili (sbr. 15. lið hér að framan) og ef viðtakandi tekur að sér að bera ábyrgð á úrganginum eftir að tilflutningurinn kemur til viðtökulandsins.
46. **18. reitur**: Viðurkenndur fulltrúi förgunar- eða endurnýtingarstöðvarinnar skal fylla þennan reit út við viðtöku úrgangssendingarinnar. Merkja skal í reit fyrir viðeigandi tegund stöðvar. Með tilliti til magnsins, sem tekið er við, skal vísað til sértækra leiðbeininga um 5. reit (36. liður). Síðasti flytjandi fær afhent undirritað afrit af flutningsskjalinu. Ef tilflutningnum er hafnað af einhverjum orsökum skal fulltrúi förgunar- eða endurnýtingarstöðvarinnar þegar í stað hafa samband við lögbær yfirvöld. Í samræmi við d-lið 16. gr. eða, ef við á, c-lið 15. gr. þessarar reglugerðar og ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar skal senda undirrituð afrit af flutningsskjalinu til tilkynnanda og lögbærra yfirvalda í viðkomandi löndum innan þriggja daga (að undanskildum þeim umflutningslöndum sem eru aðilar að Efnahags- og framfarastofnuninni sem hafa upplýst skrifstofu Efnahags- og framfarastofnunarinnar um að þau óski ekki eftir því að fá slíkt afrit af flutningsskjalinu). Förgunar- eða endurnýtingarstöðin skal halda eftir frumeintaki flutningsskjalsins.
47. Allar stöðvar, sem annast hvers kyns förgunar- eða endurnýtingaraðgerð, þ.m.t. allar aðgerðir D13-D15 eða R12 eða R13, skulu staðfesta viðtöku úrgangssendingarinnar. Ekki er þó gerð krafa um að stöð, sem annast aðgerðir D13-D15 eða R12/R13 eða aðgerðir D1-D12 eða R1-11 í kjölfar aðgerðar D13-D15 eða R12 eða R13 í sama landi, staðfesti viðtöku sendingarinnar frá stöðinni sem annast aðgerðir D13-D15 eða R12 eða R13. Í slíkum tilvikum þarf því ekki að nota 18. reit fyrir síðustu viðtöku sendingarinnar. Einnig skal tilgreina tegund endurnýtingar eða förgunar með því að nota R- eða D-kóða í II. viðauka A eða II. viðauka B við tilskipun 2006/12/EB um úrgang og þann dag sem áætlað er að förgun eða endurnýtingu úrgangsins verði lokið.
48. **19. reitur**: Förgunaraðili eða endurnýtingaraðili skal nota þennan reit til að staðfesta að förgun eða endurnýtingu úrgangsins sé lokið. Í samræmi við e-lið 16. gr. eða, ef við á, d-lið 15. gr. þessarar reglugerðar og ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar skal senda undirrituð afrit af flutningsskjalinu, með 19. reit útfylltan, til tilkynnanda og lögbærra sendingaryfirvalda, umflutningsyfirvalda (ekki krafist samkvæmt ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar) og viðtökuyfirvalda eins fljótt og unnt er en eigi síðar en 30 dögum eftir að förgun eða endurnýtingu er lokið og eigi síðar en einu almanaksári eftir að tekið hefur verið við úrganginum. Sum þriðju lönd, sem eru ekki aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar, geta krafist þess í samræmi við Basel-samninginn að undirrituð afrit af skjalinu, með 19. reit útfylltan, séu send til tilkynnanda og lögbærs sendingaryfirvalds. Að því er varðar förgunar- eða endurnýtingaraðgerðir D13-D15 eða R12 eða R13 eru upplýsingarnar um stöðina, sem annast slíka aðgerð, sem veittar eru í 10. reit, nægilegar og ekki er þörf á nánari upplýsingum um síðari stöðvar sem annast aðgerðir R12/R13 eða D13-D15 og síðari stöð(var) sem annast aðgerð(ir) D1-D12 eða R1-R11.
49. Allar stöðvar, sem annast hvers kyns förgunar- eða endurnýtingaraðgerð, þ.m.t. aðgerð D13-D15 eða R12 eða R13, skulu votta förgun eða endurnýtingu úrgangs. Stöð, sem annast hvers kyns aðgerð D13-D15 eða R12/R13 eða aðgerð D1-D12 eða R1-R11 í kjölfar D13-D15 eða R12 eða R13 aðgerða í sama landi, skal því ekki nota 19. reit til að staðfesta endurnýtingu eða förgun úrgangsins þar eð stöðin, sem annast aðgerð D13-D15 eða R12 eða R13, hefur þegar fyllt þennan reit út. Hvert land skal tilgreina hvaða aðferð er notuð til að staðfesta förgun eða endurnýtingu í þessu tilviki.
50. **20., 21. og 22. reitur**: Þessa reiti skulu tollstöðvar á landamærum Bandalagsins nota við eftirlit.“